

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

# SKF LGET 2

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Smurfeiti.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Landvélar  
Smiðjuvegi 66  
200 Kópavogur  
580 5800

Sími:

Netfang:

Veffang:

[landvelar@landvelar.is](mailto:landvelar@landvelar.is)  
[www.landvelar.is](http://www.landvelar.is)

Framleiðandi:

SKF Maintenance Products  
Postbus 1008  
NL-3430 BA Nieuwerein, Holland  
+31-30-6307200  
[sebastien.david@skf.com](mailto:sebastien.david@skf.com)  
[www.skf.com](http://www.skf.com)

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Varan er ekki flokkuð sem hættuleg.

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki Engin.

Viðvörðunarorð Ekkert.

Hættusetningar Engar.

Varnaðarsetningar P102 Geymist þar sem börn ná ekki til  
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

PBT/vPvB mat hefur ekki farið fram.

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Á ekki við

3.2 Blöndur:

Bensótriazól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	202-394-1	H-setningar	-
CAS	95-14-7	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Bráð eit 4 - H302-H332, Augnert.2 - H319, Langv.eit.á vatn 3 - H412			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Sýnið öryggisblaðið sé læknisaðstoðar leitað.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við óþægindi.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni verði vart við einkenni.
Inntaka	Hreinsið munn vandlega og drekkið 1-2 vatnsglös í smáum sopum. Leitið lækni verði vart við einkenni.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Snerting við húð	Getur valdið vægri ertingu í augum og húð. Affitar húð. Langvinn snerting getur valdið ertingu og hugsanlega sýkingum.
------------------	--

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Ekki er talin þörf á bráðameðferð.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkvíaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim, en brennanleg. Brotnar niður í eldi eða við hátt hitastig og getur myndað eldfimar og eitradar gufur.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Flytjið ílát af hættusvæði, sé það unnt án áhættu. Forðist innöndun gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (efnahelda hanska) við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun gufu. Verið vindmegin við mengað svæði. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Notið viðeigandi persónuhlífar (hanska, öryggisgleraugu). (hlífðarfatnaður EN469).

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni eða mokið upp með handverkfærum. Minni háttar losun má þurrka með klút. Setjið í þar til gerð vandlega merkt og lukt ílát og fargið sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Haldið fjarri íkveikjuvöldum. Reykið ekki. Forðist snertingu við húð, augu og fatnað. Forðist innöndun gufu. Rennandi vatn og augnskol ættu að vera á vinnusvæði.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

## 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri matvælum og fóðri. Geymið þar sem börn ná ekki til.

## 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

#### Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

#### Augnhlífar

Notið viðurkennd öryggisglæraugu með hliðarvörn (EN166) sé talin hætta á slettum.

#### Húð - hendur

Notið hanska úr bútýl- eða nitrílgúmmí (>0,4 mm þykkt, EN374). Athugið gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

#### Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

#### Öndunarfæri

Almennt er ekki þörf á öndunarhlífum. Sé hætta á úðamyndun, ætti að nota öndunargrímu með síu af gerð A/P2 (EN 136/140/145).

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Feiti
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Hvítur
Suðumark:	>300°C. (1013 hPa)
Gufuþrýstingur (50°C):	<0,01 hPa
Eðlismassi við 20°C:	1,9 g/cm <sup>3</sup>
Niðurbrotshitastig:	>290°C (1013 hPa)

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast við sterkar sýrur og alkalímálma.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engir þekktir.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hitið ekki yfir 290°C.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkar sýrur og alkalímálmar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan er ekki eldfim, en brennanleg. Brotnar niður í eldi eða við hátt hitastig og getur myndað eldfimar og eittraðar gufur.(kolmónoxíð, koldíoxíð og vetnisflúoríð).

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

SKF LGET2					
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD <sub>50</sub>	>7000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>17900	mg/kg	kanína	

<b>Inntaka</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi. Inntaka mikils magns getur valdið óþægindum.
<b>Ísog um húð</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Innöndun</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Húðerting</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Getur valdið vægri ertingu.
<b>Augneriting</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Getur valdið tímabundinni ertingu.
<b>Næming</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Stökkbreytingar</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Krabbamein</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Eiturhrif á æxlunarfæri</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Váhrif í eitt skipti</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Endurtekin váhrif</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Ásvelgingarhætta</b>	Ekki er krafist flokkunar á vörunni. Niðurstöður eru ekki fyrirbyggjandi.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Ekki er krafist flokkunar á vörunni samkvæmt fyrirbyggjandi niðurstöðum. Varan inniheldir lítið magn efna sem teljast hættuleg umhverfinu.

SKF LGET2					
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	1300 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	200 mg/l	24 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	1000 mg/l	3 klst	Gerlar	

<b>Þrávirgni og niðurbrot</b>	Ekki talið brotna niður í lífverum.
<b>Uppsöfnun í lífverum</b>	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>Dreifanleiki í jarðvegi</b>	Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
<b>PBT/vPvB mat</b>	Hefur ekki farið fram.
<b>Önnur eiturhrif</b>	Vörur byggðar á olíu geta mengað jarðveg og vatn.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

<b>Vara</b>	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 13 02 08 (aðrar vélar-, gír- og smurolíur)
<b>Óhreinar umbúðir</b>	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : Ísogsefni og klútar menguð af vörunni: 15 02 02 (íseyg efni, síunarefni (þ.m.t. olíusíur sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur, og hlífðarfatnaður sem eru menguð með hættulegum efnunum)

## 14. Upplýsingar um flutninga

<b>ADR:</b>	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
<b>IMDG:</b>	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
<b>IATA:</b>	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H302	Hættulegt við inntöku
H319	Veldur alvarlegri augneringu
H332	Hættulegt við innöndun
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa: 2  
Dags: 03.08.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **SKF MAINTENANCE PRODUCTS**  
**Safety Data Sheet**  
**LGET 2**  
Útgáfa: 31.05.2015 (2.01/GBR)